

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Minni-Ólafsvellir, L166482, breytt landnotkun.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Minni-Ólafsvalla, L166482. Í breytingunni felst aukning á heimildum fyrir uppbyggingu á svæðinu í samræmi við breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreint var verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarbyggð. Innan byggingarreita A1, A3 og A4 er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 10 gestahús, íbúðarhús auk bygginga tengdum hestamennsku, hámarksbyggingarmagn er skilgreint 1.200 fm. Á reit A2 er gert ráð fyrir allt að þremur íbúðum, sambyggðum eða stakstæðum, hámarksbyggingarmagn er skilgreint 600 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. maí 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 25. júní 2025